



62. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 3. apríl 2024 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Hilda Jana Gísladóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Axel Grettisson boðaði forföll.

1. Drög að uppgjöri ársins 2023 og fjárhagsáætlun 2024

Lögð fram drög að uppgjöri ársins 2023 og fjárhagsáætlun 2024. Til fundarins mættu Níels Guðmundsson, endurskoðandi og Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri SSNE. Hagnaður varð af rekstri síðasta árs, einkum vegna uppgjörs vegna almenningsamganga. Þá voru framkvæmdar leiðréttingar frá fyrra ári vegna áhersluverkefna u.þ.b. 19 m.kr. Eins hefur hátt vaxtastig töluverð áhrif vegna góðrar lausafjárstöðu samtakanna.

Stjórn staðfestir ársreikning 2023 og fjárhagsáætlun 2024 fyrir sitt leyti með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum og vísar hvoru tveggja til ársþings.

2. Ársþing 2024

Lögð fram drög að dagskrá ársþings SSNE sem haldið verður 18.-19. apríl 2024 á Sel - Hótel Mývatn í Þingeyjarsveit.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að dagskrá þingsins í samræmi við umræður á fundinum og að senda hana út til þingfulltrúa.

3. Sóknaráætlun Norðurlands eystra

Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri SSNE mætti til fundarins og kynnti undirbúning vinnu við nýja Sóknaráætlun Norðurlands eystra.

Stjórn þakkar Elvu fyrir kynninguna og hvetur sveitarstjórnarfólk á Norðurlandi eystra sérstaklega til að taka virkan þátt í vinnunni og samtalinu framundan, ekki síst á ársþinginu nú í apríl.

4. Ungmennaping SSNE

Lögð fram skýrsla með niðurstöðum Ungmennapings SSNE sem haldið var á Raufarhöfn síðasta haust. Til fundarins mættu Nanna Steina Höskuldsdóttir, Hildur Halldórsdóttir, og Anna Lind Björnsdóttir, verkefnastjórar SSNE, til að fylgja skýrslunni eftir.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna og samþykkir að vísa niðurstöðum Ungmennapings

SSNE 2023 til vinnu sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Stjórn vill einnig þakka ungmennunum sérstaklega fyrir þeirra mikilvæga framlag inn í Sóknaráætlun, sem og starfsfólki sveitarfélaganna sem kom að vinnunni við Ungmennáþing SSNE 2023.

5. Mál til umsagnar

- a. [Frumvarp til laga um loftslagsmál \(aukinn metnaður og gagnsæi\), 21. mál.](#)
- b. [Áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.](#)
- c. [Náttúruverndar- og minjastofnun, 831. mál.](#)
- d. [Drög að borgarstefnu í Samráðsgátt.](#)

Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda inn framlagða umsögn stjórnar SSNE í Samráðsgátt.

- e. [Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/203 \(gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.\), 830. mál.](#)
- f. [Flutningur höfuðstöðva Rariks ohf. á landsbyggðina, 136. mál.](#)

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna umsögn og senda stjórn í tölvupósti.

6. Mál til kynningar

- a. [Fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands frá 24. janúar 2024 og 25. mars 2024.](#)

7. Önnur mál

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri greindi frá helstu atriðum úr starfsemi samtakanna frá síðasta stjórnarfundum.

Fundi slitið kl. 15:40.